



Efni: Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2022

Reykjavík, 3. nóvember 2021

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotþola er ókeypis.

Árið 2020 leituðu 765 einstaklingar hjálpar hjá okkur, þar af 299 í fyrsta skipti og fjöldi ráðgjafarviðtala var 2819. Aðstandendur brotþola voru 72. Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotþola kynferðisofbeldi af öllum kynjum óháð fötlun og uppruna. Einnig veitum við aðstandendum stuðning og bjóðum upp á para- og fjölskylduráðgjöf. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Í kjölfar mikillar samfélagsumræðu um kynferðisofbeldi hefur aðsókn á Stígamótum aukist síðustu fimm árin um 35%. Þetta hefur skapað mikið álag í þjónustunni og er nú bið eftir viðtali hjá rágjafa að jafnaði um 6-8 vikur. Ýmislegt bendir til að enn frekari aukning gæti orðið vegna COVID-19 þar sem tölur yfirvalda og rannsóknir sýna að ofbeldi hafi aukist í faraldrinum. Þá hefur gríðarleg aukning orðið í eftirspurn eftir ráðgjöf þá sem af er ári 2021 og er biðlistinn enn langur. Sú #MeToo samfélagsumræða sem hefur átt sér stað hefur hreyft við fólk í að leita sér hjálpar sem og skapað aukið álag hjá brotþolum. Hvert málið á fætur öðru hefur komið fram í dagsljósið sem gerði það að verkum að aðsókn til Stígamóta margfaldaðist á vor- og sumarmánuðum. Farin var sú leið að ráða þrjú stöðugildi tímabundið í sumar til að vinna niður biðlistann en var það eins og dropi í hafið. Í dag eru samtals 110 einstaklingar á biðlista Stígamóta.

Stígamót sinna einnig mikilli fræðslu og vitundarvakningu enda hafa samtökin það hlutverk að lyfta röddum brotþola í samfélagsumræðunni og að berjast gegn kynferðisofbeldi. Við erum m.a. í samvinnu við félagsmiðstöðvar um allt land í gegnum verkefnið okkar *Sjúkást* en það er forvarnaverkefni gegn kynferðisofbeldi fyrir 13-19 ára ungmenni sem hefur það að markmiði að fjalla um mörk, samþykki og heilbrigð sambönd. Næsta skref í verkefninu er að opna netspjall fyrir 13-19 ára í byrjun árs 2022 þar sem þau geta spjallað nafnlaust við ráðgjafa á vegum Stígamóta. Með því er verið að mæta ungmennum og styðja þau í að leita sér hjálpar. Þá hefur námskeiðið *Bandamenn* verið í þróun síðustu ár fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og höfum við fundið fyrir gríðarlegum áhuga á námskeiðunum í kjölfar #MeToo umræðu ársins.

Rekstur Stígamóta er háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Eins og fram kemur að ofan hefur aðsókn í þjónustu Stígamóta vaxið mjög á umliðnum árum og skapað langa bið eftir þjónustu.

Við skorum á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu,

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
Talskona Stígamóta